



Ársskýrsla Siðmenntar

2019





© Siðmennt, félag siðrænna
húmanista á Íslandi
Skiopholti 50c
105 Reykjavík

533-5550
sidmennt.is



Ritstjórn: Inga Auðbjörg K. Straumland, Siggeir F.
Ævarsson og Heiðrún Arna Friðriksdóttir.
Ljósmyndir: Anna Fjóra Gísladóttir, Ernir Eyjólfsson,
Heiða Dís, Hari, André Filipe, Norris Niman.
Umbrot: Inga Auðbjörg K. Straumland

Efnisyfirlit

Ávarp formanns	4
Ávarp framkvæmdastjóra	5
Innra starf	7
Athafnaþjónusta	11
Borgaraleg ferming	15
Alþjóðastarf og viðburðir	19
Baráttan fyrir veraldlegu samfélagi	25
Fjármál og ársreikningar	27




Að brenna fyrir hugsjóninni Ávarp formanns

Fyrir rúmum þrjátíu árum, þegar stórir axlarpúðar voru í tísku og símanúmer voru aðeins fimm tölustafir að lengd, ritaði „einhver útlendingur hér, á þessari litlu eyju“ pistil í dagblaðið og bar á borð hugmynd sína um að standa fyrir borgaralegri fermingu fyrir börnin sín tvö sem gátu ekki hugsað sér að fermast innan kirkjunnar. Kirkjunnar menn brugðust ókvæða við og sóknarpresturinn í Hallgrímsprestakalli mátti ekki til þess vita að þessi útlendingur vildi „kenna okkur Íslendingum nýja siði og jafnvel breyta hugtökum í móðurmáli okkar“, ef marka má orð hans stuttu seinna í öðrum fjölmiðli. Þessi litla grein sem Hope Knútsson ritaði í maí árið 1988 átti sannarlega eftir að velta þungu hlassi. Foreldrar næstu árganga sættu sig ekki við að hafa ekki sama valkost fyrir sín börn og fljótlega var

félag stofnað utan um framkvæmd þessara ferminga. Fermingarnar voru líka ekki einhverjar innantómar athafnir, heldur lokahnykkurinn á myndarlegri lífsleiknifræðslu þar sem farið var í heimspeki, siðferði og fleira sem húmanistum er hugleikið.

Þrjátíu árum síðar hefur þetta litla félag vaxið og margfaldast í stærð og umfangi. Í stað sextán ungmenna fermast nú tæplega sex hundruð börn á okkar vegum og fermingarnar eru ekki lengur eina viðfangsefni félagsins. Siðmennt hefur nú öðlast opinbera skráningu sem lögformlegt lífsskoðunarfélag, með sömu réttindi og skyldur og trúfélög. Hundruð Íslendinga njóta nú athafnarþjónustu Siðmenntar á tímamótum í lífi sínu og sömuleiðis ferðast aragrúi erlendra para til landsins til þess að láta gefa sig saman að húmanískum sið, við stórbrotin kennileiti Íslands. Almennigur leitar líka til félagsins um ráðgjöf og stuðning í baráttunni um veraldlegt samfélag og á hverju ári sendir Siðmennt inn umsagnir um frumvörp og þingsályktunartillögur, eða lætur rödd sína heyrast með öðrum hætti. Þá eru ekki taldir allir viðburðirnir, alþjóðastarfið, vísindaferðirnar, námskeiðin, greinaskrifin, stjórnarfundirnir og húmanismapönkið sem félagið stendur fyrir á hverju ári. Árið 2019 var svo bætt um betur og auk alls ofantalins ráðist í að halda alþjóðlega ráðstefnu og bjóða Star Trek-stjörnu til landsins.

Ekkert af þessu væri hægt ef ekki væri fyrir krafta allra þeirra fjölmörgu sjálfboðaliða og starfskrafta sem skipa þetta félag. Klukkustundirnar skipta hundruðum, ef ekki þúsundum, sem unnar eru fyrir lítil eða engin laun. Hugsjónin, félagsskapurinn og markmiðin eru launin okkar sem látum félaginu í té hlutdeild í lífi okkar og tíma. Án þess framlags gengi starfsemin ekki upp. Og þegar fólk brennur svona fyrir hugsjóninni er kannski ekki skrýtið nema að það slettist stundum upp á vinskapið, eða að fólk greini á um farsælustu leiðina að sama markmiðinu. Við viljum öll félaginu vel og leggjum félaginu lið til þess að gera það betra, breiða út boðskapinn og auka veg þess. Svona fjölbreytt félag getur vel hýst ólíkar hugmyndir og skoðanir og við eigum að nýta þessa fjölbreytni til þess að vera stöðugt í mótun. Hreyfing er nefnilega ekki hreyfing nema hún hreyfist og þessi húmaníska hreyfing er sko á fullu stími fram á við!


Inga Auðbjörg K. Straumland
Formaður Siðmenntar



Stækkandi félag á tímamótum Ávarp framkvæmdastjóra

Kæru Siðmenntarfélagar og aðrir lesendur!

Þegar maður er sjálfur staddur í hringiðu starfs Siðmenntar getur verið gott að staldra aðeins við og líta um öxl. Við lestur þessarar ágætu ársskýrslu kemur glöggt í ljós hversu viðburðaríkt síðastliðið ár hefur verið hjá Siðmennt. Við tókumst á við fjölmörg verkefni, stór og smá, og allt gekk þetta svo til fullkomlega upp á endanum.

Ég ætla ekki að lista öll verkefni ársins upp hér, enda fjöllum við nánar um þau á næstu síðum. Mig langar þó að nefna sérstaklega tvennt. Í fyrsta lagi alþjóðlegu ráðstefnuna sem við höldum 1. júní, sem er sennilega stærsta verkefni sem félagið hefur tekist á við hingað til. Svona í það minnsta þegar litið er til umfangs og flækjustigs skipulagsins, enda þurfti að skipuleggja aðalfundi tveggja alþjóðasamtaka samhliða og stefna til landsins um 100 erlendum gestum, ræðumönnum og fundargestum.

Einnig langar mig að nefna heimsókn Johns de Lancie, sem var ótrúlega skemmtilegt verkefni. Að fylla salinn á Kex með tæplega 200 gestum var frábær tilfinning, og þessi verkefni sýna svart á hvítu hvað við getum skipulagt frábæra og stóra viðburði sem eftir er tekið á landsvísu, þegar allir leggjast á eitt.

Fyrir sjálfan mig hefur þetta ár verið heilmikið ævintýri og mikið lærdómsferli, enda er ég í raun bara rétt nýkominn til starfa. Framan af var ég eini starfsmaður félagsins og það komu dagar þar sem ég rankaði við mér klukkan fjögur og áttaði mig á því að ég hafði ekki átt nein mannleg samskipti allan daginn. En nú er öldin önnur, við Heiðrún, verkefnastjóri borgaralegra ferminga, vinnum náið saman á

hverjum degi, og deilum nú skrifstofuhúsnæði með fjórum öðrum, svo að það hefur mikið líf færst yfir skrifstofu félagsins. Þið eruð auðvitað alltaf velkomin þangað í kaffi og spjall!

Þegar ég sótti um starf framkvæmdastjóra á sínum tíma renndi ég nánast algjörlega blint í sjóinn. Ég þekkti starf félagsins aðallega af afspurn, og var óviss um umfang starfsins. Ég hef reyndar reglulega fengið þá spurningu hvort ég sé í fullu starfi, þannig að mig grunar að margir geri sér engan veginn grein fyrir því hversu fjölbreyttum verkefnum Siðmennt sinnir. Á þessu rúma ári hef ég kynnst þessum verkefnum vel, og starfið er afar skemmtilegt og hver vika býður upp á nýja vinkla og verkefni. En verkefnin eru líka mörg hver ærin, og alltaf hægt að finna eitthvað nýtt að sinna. Stækkandi félagi fylgja stækkandi verkefni og nýjar og spennandi áskoranir.

Að lokum vil ég nýta þetta tækifæri og þakka fyrir þær frábæru móttökur og stuðning sem ég hef fengið á síðasta ári. Allir hafa verið boðnir og búnir að aðstoða mig, bæði stjórnarfolk og reyndir athafnastjórar, og þessar móttökur kjarna ágætlega anda félagsins. Við erum öll samherjar sem styðjum hvert annað. Fyrir rúmlega ári þekkti ég nánast engan í Siðmennt, en síðan hef ég eignast marga góða vini og féлага í okkar röðum og fyrir það er ég ákaflega þakklátur. Almennt skynja ég mikla jákvæðni í garð félagsins og umtalsverðan meðbyr í samfélaginu, og það er okkar félaganna að nýta þann meðbyr til góðra verka á næstu misserum.

Til hamingju með 30 ára afmælið, Siðmennt og félagar allir, ég hlakka til að vinna með ykkur næstu 30 ár!

Siggeir F. Ævarsson
framkvæmdastjóri

“

Fyrir sjálfan mig hefur þetta ár verið heilmikið ævintýri og mikið lærdómsferli, enda er ég í raun bara rétt nýkominn til starfa.

”



Innra starf

Innra starf

Starfsfólk og skrifstofa

Fast starfsfólk

Siðmennt hefur verið með framkvæmdastjóra í fullu starfi frá árinu 2015. Siggeir Fannar Ævarsson var ráðinn sem framkvæmdastjóri haustið 2018. Vorið 2019 var tekin ákvörðun um að ráða verkefnastjóra borgaralegrar fermingar, en Hope Knútsson hefur sinnt því í fjarvinnu síðustu ár og hugðist setjast í helgan stein. Heiðrún Arna Friðriksdóttir var því ráðin frá 1. ágúst í 50-100% starfshlutfall.

Lausráðnir verkefnastjórar

Jóhann Björnsson – kennslustjóri borgaralegra ferminga.

Sigurður Hólm – vefstjóri og upplýsingafulltrúi, lét af störfum í mars 2019.

Hope Knútsson – verkefnastjóri borgaralegra ferminga, lét af störfum 1. ágúst 2019.

Fjöldi leiðbeinenda starfar við fermingarfræðslu, að ógleymdum athafnarstjórum á vegum félagsins. Ýmsir verktakar eru fengnir til sérstakra verkefna.

Skrifstofurekstur

Siðmennt hefur leigt skrifstofuhúsnæði á Hallveigarstöðum, Túngötu í Reykjavík, frá árinu 2015. Síðan hefur félagið stækkað og húsnæðið var hætt að henta starfsemi. Aðgengi var erfitt, fundarrými vantaði og aðstæður breyttust þegar starfsmannafjöldi tvöfaldaðist með tilkomu verkefnastjóra borgaralegra ferminga. Félagið fluttist því í nýtt húsnæði í október 2019. Stjórn Siðmenntar þakkar starfsfólki og leigjendum Hallveigarstaða fyrir góð viðkyrni og samskipti.

Nýtt húsnæði í Skipholti

Félagið leigir nú skrifstofurými af AFS-samtökunum í Skipholti 50c, ásamt því að hafa aðgang að fundarrými, litlum sal og eldhúsaðstöðu. AFS-samtökin eru skiptinemasamtök fyrir ungt fólk, og er okkur akkur í að deila vinnustað með víðsýnum félagasamtökum sem samræmast að nánast öllu leyti gildum húmanisma.

Stjórn Siðmenntar

Stjórn Siðmenntar fer með æðsta vald félagsins á milli aðalfunda.

Stjórnin hittist að jafnaði einu sinni í mánuði og hélt 15 formlega stjórnarfundum árið 2019, auk ýmislegs óformlegs samráðs. Fundargerðir stjórnar eru birtar á vef félagsins.

Stjórn Siðmenntar 2018-2019

Jóhann Björnsson – formaður – *sagði af sér áður en kjörtímabili lauk*

Sigurður Hólm Gunnarsdóttir – *tók við stöðu formanns*

Hope Knútsson

Auður Sturludóttir

Margrét Pétursdóttir

Varafulltrúar

Hrafnkell Stefánsson

Kristinn Theodórsson

Þorsteinn Örn Kolbeinsson

Þorgerður Anna Björnsdóttir

Steinar Harðarson

Stjórn Siðmenntar 2019 (febrúar–apríl)

Jóhann Björnsson – formaður

– lét af störfum áður en skipunartíma lauk

Helga Jóhanna Úlfarsdóttir – tók við stöðu formanns

– lét af störfum áður en skipunartíma lauk

Sævar Finnbogason – tók við stöðu formanns

Júlía Linda Ómarsdóttir

Steinar Harðarson

Varafulltrúar

Bjarni Jónsson – lét af störfum áður en stjórn kom saman

Hope Knútsson

Hrafnkell Stefánsson

Jens Ívar Jóhannuson Albertsson

Kristinn Theodórsson

Tómas Kristjánsson

Þorsteinn Örn Kolbeinsson

Stjórn Siðmenntar 2019–2020

Inga Auðbjörg K. Straumland – formaður

Auður Sturludóttir

Sigurður Hólm Gunnarsson

Kristín Sævarsdóttir

Margrét Pétursdóttir

Varafulltrúar

Jens Ívar Jóhannuson Albertsson

Kristinn Theodórsson

Þorsteinn Kolbeinsson

Sigmundur Þórir Jónsson

Sveinn Atli Gunnarsson

Mörður Árnason

Hope Knútsson

Ráð og nefndir

Athafnaráð

Hlutverk athafnaráðs er að móta athafnarþjónustu félagsins, meta þörf á þjálfun og stuðla að auknum gæðum.

Athafnaráð 2018–2019

Inga Auðbjörg K. Straumland

Steinar Harðarson

Tinna Jóhannsdóttir

Athafnaráð 2019–2020

Tinna Jóhannsdóttir

Margrét Pétursdóttir

Svanur Sigurbjörnsson – lét af störfum haustið 2019

Selma Lóa Björnsdóttir – lét af störfum haustið 2019

Arnar Snæberg Jónsson – tók til starfa haustið 2019

Hugráð

Hugráð var skipað af stjórn Siðmenntar febrúar–apríl 2019 en tók ekki til starfa.

Framtíðarnefnd

Framtíðarnefnd var skipuð af stjórn Siðmenntar febrúar–apríl 2019 og starfaði yfir sumarmánuðina, en leystist svo upp vegna anna.

Aðalfundur


Aðalfundur Siðmenntar var haldinn mánudaginn 18. febrúar í Hannesarholti. Í kjölfarið var boðaður félagsfundur 12. mars og aukaaðalfundur 24. apríl.

Fjöldi félaga

Aðeins eru sjö ár liðin síðan að Siðmennt fékk formlega skráningu sem lífsskoðunarfélag og öðlaðist þannig réttindi til að starfa á sama lagalega grundvelli og trúfélög í landinu. Við skráningu voru félagar um 300 og má segja að vöxturinn hafi verið bæði hraður og stöðugur frá árinu 2013. Siðmennt er nú 6. stærsta trú- og lífsskoðunarfélag landsins, með rétt rúmlega 3.500 félaga skráða í lok árs 2019. Félagið hefur því rúmlega tífaldast að stærð á þessum sjö árum og stækkað um rúm 20% á ári síðustu tvö ár.

Aðgangur að félagatali

Snemma árs 2018 tilkynnti Þjóðskrá trú- og lífsskoðunarfélögum landsins að í ljósi nýrra persónuverndarlaga væri stofnuninni ekki lengur heimilt að veita félögunum aðgang að þeirra eigin félagatali. Þessu mótmælti Siðmennt formlega og eftir langt ferli úrskurðaði Úrskurðarnefnd um upplýsingamál að Þjóðskrá yrði að afhenda Siðmennt netföng félagsmanna sinna. Sá úrskurður lá fyrir um mitt síðasta sumar en Siðmennt hafði einnig óskað eftir ályktun Persónuverndar um ákvörðun Þjóðskrár og undir lok árs vannst fullnaðarsigur í því máli þar sem Persónuvernd tók afstöðu með Siðmennt. Félagið hefur því loks fengið afhent uppfært félagatal eftir hálfis árs bið.



Myndin sýnir fjölda félaga árin 2014–2020. Félagið hefur vaxið mjög ört síðan það fékk skráningu sem lífsskoðunarfélag.



Athafnaþjónusta

Athafnaþjónusta

Almennt

Athafnir

Athafnaþjónusta Siðmenntar fór formlega af stað árið 2007, en fram til ársins 2013 voru giftingar á vegum félagsins aðeins táknrænar. Frá því að Siðmennt fékk opinbera skráningu sem lífsskoðunarfélag árið 2013 hafa athafnirnar verið lögformlegar. Athöfnum hefur fjölgað í takt við aukningu í félagatali.

Árið 2019 var fyrsta árið sem örlíttill samdráttur varð í heildarfjölda athafna, úr 382 í 366, eða um 4%. Mestu munar þar um tölurverða fækkun nafngjafa. Alls voru giftingar ársins 244 og rétt rúmur helmingur þeirra voru giftingar erlendra para, sem hafa töluvert leitað eftir þjónustu Siðmenntar. Margir leita beint til félagsins en einnig höfum við átt mikið og gott samstarf við Pink Iceland sem og Kötlur Travel.

Útförum á vegum félagsins fjölgaði aðeins á árinu, úr 12 í 15, en með stækkandi hópi af athafnastjórum sem hlotið hafa þjálfun í umsjón útfara er félagið loks í stakk búið til að sinna þessum málaflokki af krafti.

Athafnarstjórar

Alls eru 50 athafnarstjórar á lista hjá Siðmennt og með svokölluð vígsluréttindi. Árið 2019 tóku 43 athafnarstjórar að sér athafnir, þar af 31 sem tók 3 eða fleiri. 15 athafnarstjórar voru með 10 eða fleiri athafnir á árinu. Siðmennt sinnir athöfnum um allt land, þó svo að flestir athafnarstjórar séu búsettir á suðvesturhorni landsins. Enn sem komið er hefur Siðmennt ekki þurft að hafna athafnarbeiðni sökum anna eða staðsetningar, en það þýðir líka að oft þurfa athafnastjórnir að keyra um langan veg í athafnir. Því var ákveðið að kolefnisjafna þær ferðir fyrir árið 2018 í anda siðrænna gilda um náttúruvernd.

Vel hefur gengið að manna athafnir undanfarin misseri. Þótt samdráttur hafi orðið í fjölda á síðasta ári hafa aldrei fleiri athafnir verið bókaðar um áramót en núna og stefnir í mikið giftingarár 2020. Nýir athafnarstjórar komu sterkir inn á árinu, hafa tekið að sér fjölda athafna og fengið frábærar umsagnir.

Verklagsreglur

Samkvæmt þjónustukönnunum sem Siðmennt sendir reglulega út til þjónustuþega eru viðskiptavinir okkar almennt mjög ánægðir með athafnaþjónustuna. Langflestar athafnir fá háa einkunn og heyrir það til undartekninga að athafnir fái slæma umsögn. Þó getur það að sjálfsgöðu gerst, enda stýra fulltrúar félagsins hundruðum athafna á ári hverju. Til þess að bæta gæðin enn frekar og tryggja að faglega sé tekið á frávikum hefur stjórn samþykkt verklagsreglur um virkni athafnarstjóra annars vegar og gæðaviðmið vegna endurgjafar hins vegar. Einnig hefur verið sett á fót sérstakt gæðateymi, en skipa það formaður, framkvæmdastjóri, fulltrúi athafnaráðs og fulltrúi stjórnar. Gæðaviðmiðin hafa nú verið innleidd og teymið tekið til starfa, en verklagsreglur um virkni athafnarstjóra eru í innleiðingu út þetta ár.



107

nafngjafir



545

fermingarborn

Þjálfun

Útfararþjálfun

Samhliða vaxandi fjölgun félaga hefur eftirspurn eftir athöfnum aukist. Hingað til hafa aðeins fjórir athafnarstjórar Siðmenntar séð um útfarir og því var ákveðið að fjölga í hópnum. Með fleiri athafnarstjórum væri nokkurn veginn tryggt að alltaf sé hægt að veita félögum góða og trausta þjónustu og auk þess höfðar fjölbreyttari flóra athafnarstjóra betur til fjölbreytts hóps félaga. Þar sem ekki hefur verið haldið sérstakt útfararnámskeið undir forystu íslenskra athafnarstjóra var ákveðið að leita eftir samstarfi við bresku systursamtökin Humanists UK og flytja inn þjálfara þaðan. Humanists UK annast árlega hundruð útfara og útfararþjálfararnir hafa mikla reynslu í að stýra námskeiðum. Annette Furley og Ginny Collins voru því fengnar sem leiðbeinendur og komu hingað tvær helgar. Þetta tókst vel og nú hafa níu athafnarstjórar lokið tveimur námskeiðshelgum. Nemarnir halda nú áfram þjálfun, fylgjast með reyndum athafnarstjórum og sækja síðustu námskeiðshelgina, þar sem farið verður í íslenskar aðstæður.

Tengslanet athafnarstjóra

Athafnarstjórar hittust á árlegum haustfundi athafnarstjóra í nóvember 2019. Farið var yfir verklagsreglur og áskoranir í starfi athafnarstjóra. Þá komu útfararstjórar frá Útfararþjónustu Rúnars Geirmundssonar og fræddu athafnarstjóra um útfarir. Að auki halda athafnarstjórar Siðmenntar úti hópi á Facebook, þar sem þau geta skipst á skoðunum og ráðum.



224


hjúnavígslur

15



útfarir

9




nýir athafnarstjórar
í útförum

29.685



kolefnisjafnaðir
kílómetrar

Fjöldi athafna





Borgaraleg ferming

Borgaraleg ferming

Námskeið

Siðmennt hefur staðið fyrir borgaralegum fermingum fyrir ungmenni í þrjátíu ár. Markmið borgaralegrar fermingar er að styrkja sjálfsmynd, metnað og uppbyggilegt hugarfar. Fermingarfræðsla miðast við að því að efla heilbrigð og farsæl viðhorf unglinga til lífsins og búa þeim dýrmætt veganesti til framtíðar. Ungmennin sækja 11 vikna námskeið þar sem farið er yfir ýmis viðfangsefni sem ætlað er að dýpka þekkingu þeirra og skilning á ofantöldum atriðum.

Árið 2019 sóttu 545 börn fermingarfræðsluna sem er fjölgun um 75 börn frá árinu áður. Fræðslan fór fram í Reykjavík, á Akureyri, Egilsstöðum, í Reykjanesbæ, á Selfossi og Akranesi og er því ljóst að starfið hefur byggst upp víðsvegar um landið. Einnig býður Siðmennt upp á fjarnám fyrir börn sem búa erlendis eða geta ekki sótt staðarnám og voru þau 20 talsins.

Athafnir

Árið 2019 voru haldnar 14 fermingarathafnir á 8 stöðum víðsvegar um landið og er miðað við að fjöldinn sé 3 eða fleiri til að athöfn verði haldin í heimabyggð. Það er því alltaf ánægjulegt þegar sá fjöldi næst, svo sem á Höfn í Hornafirði og Húsavík en á Austfjörðum hefur verið athöfn á Egilsstöðum eða Neskaupsstað til skiptis þegar fjöldi næst.



*Heiðrún Arna
Friðriksdóttir er
nýr verkefnastjóri
borgaralegrar
fermingar*

Nýr verkefnastjóri

Siðmennt réð til starfa Heiðrúnu Örnu Friðriksdóttur sem verkefnastjóra borgaralegra ferminga. Hún sér nú um skráningar, skipulag námskeiða og athafna, samskipti við foreldra og annað sem við kemur borgaralegum fermingum. Um töluverða breytingu er að ræða hjá Siðmennt, þar sem Heiðrún tók við því starfi sem Hope Knútsson hafði sinnt í þrjá áratugi.

Heiðrún Arna er menntaður viðskiptafræðingur úr Háskólanum í Reykjavík og er fædd og uppalin á Akranesi. Hún býr í Vesturbænum ásamt þremur börnum og manningum sínum, Lárusi Blöndal Guðjónssyni. Heiðrún starfaði áður sem verkefnastjóri hjá Gaman ferðum og var þar áður í sex ár hjá Eskimos Iceland í viðburðum og ferðaþjónustu.

Leiðbeinendur

Leiðbeinendahópurinn samanstendur af fjölbreyttum einstaklingum með þekkingu í hinum ýmsu viðfangsefnum fræðslunnar og reynslu af því að vinna með ungmennum. Jóhann Björnsson kennslustjóri stýrði leiðbeinendum og allri fermingarfræðslu líkt og síðustu áratugi.

Leiðbeinendur í fermingafræðslu 2019

Adam Lárus Sigurðarson
Alexandra Kristjana Ægisdóttir
Arnar Einarsson
Ásthildur Margrét Jóhannsdóttir
Birna Stefánsdóttir
Dagbjört Ásbjörnsdóttir
Elías Bjartur Einarsson
Fönn Hallsdóttir
Gunnhildur Una Jónsdóttir
Jóhann Björnsson
Kristian Guttesen
Nanna Katrín Hannesdóttir
Regn Sól Evu
Sævar Ari Finnbogason
Sigrún Fanney Sigmarsdóttir
Skúli Pálsson
Snorri Björnsson
Stefanía Pálsdóttir
Þuríður Elín Sigurðardóttir
Trausti Freyr Reynisson
Unnur Hjaltadóttir
Valgerður Dögg Oddudóttir



Fermingarbörnin taka við fermingarskírteinum við hátíðarsamkomu í Háskólabíói.

Athafnir árið 2019

Bæjarfélag	Athafnarstaður	Dagsetning	Ræðumaður
Akranes	Tónberg	14. apríl	Geir Konráð Theodórsson
Akureyri	Háskólinn á Akureyri	8. júní	Vilhjálmur B. Bragason
Húsavík	Sjóminjasafnið	8. júní	Karl Hreiðarsson
Höfn í Hornafirði	Nýheimar	9. júní	Ágústa Margrét Arnardóttir
Kópavogur	Salurinn	7. apríl	Steinunn Anna Sigurjónsdóttir
Neskaupstaður	Verkmenntaskóli Austurlands	8. júní	Sigurbjörg Lovísa Árnadóttir
Reykjanesbær	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	30. mars	Bergur Þór Ingólfsson
Reykjavík	Háskólabíó	31. mars	Katrín Oddsdóttir
Reykjavík	Háskólabíó	14. apríl	Ingrid Kuhlman
Selfoss	Fjölbrautaskóli Suðurlands	6. apríl	Karítas Harpa Davíðsdóttir



A man in a blue suit and red tie is speaking to an audience in a conference room. The audience consists of several people, some of whom are taking photos or looking at their phones. The room has a wooden slat wall and a wooden table in the foreground with a microphone and a water pitcher. The text "Alþjóðastarf og viðburðir" is overlaid on the image in white.

Alþjóðastarf og viðburðir

Alþjóðastarf

Ráðstefna

Siðmennt hélt í júní, í samstarfi við heimssamtök húmanista, ráðstefnu sem bar yfirskriftina *What are the Ethical Questions of the 21st Century?* Ráðstefnan fór fram í Öskju, Háskóla Íslands, 1. júní 2019. Ráðstefnan skiptist í fjóra hluta:

Umhverfi

Framsaga: Auður Önnu Magnúsdóttir, Sián Berry, Guðbjörg R. Jóhannesdóttir

Flóttafólk

Framsaga: Þórunn Ólafsdóttir, Wilfried Buchhorn, Íris Björg Kristjánsdóttir

Efnahagslegt óréttlæti

Framsaga: Guðmundur Ævar Oddsson, Eyja Margrét Brynjarsdóttir, Polly Toynbee

Lýðræði

Framsaga: Jón Ólafsson, Torbjörn Tännsjö, Brian Klaas

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, setti ráðstefnuna og mun þetta vera í fyrsta skipti í sögunni sem þjóðhöfðingi ávarpar slíka ráðstefnu. Guðni fór víða í setningarræðu sinni; vísaði jafnt í bíómyndir og Íslendingasögur, og tvinnuði á skemmtilegan hátt saman inntak söguþráðar hinnar sigildu Being there við sögu kristnitöku á Íslandi. Í hugleiðingu um tengsl trúar, sögu og samfélags skemmti hann húmoristum í salnum með því að fara með brot úr gömlum sjómannasálm.



Formaður Siðmenntar ásamt formönnum norrænna systrasamtaka félagsins.

Ráðstefnan tókst feikivel til og voru þátttakendur ánægðir með dýpt viðfangsefna og framsögumenn. Inga Auðbjörg K. Straumland var kynnir, Andrew Copson, formaður Heimssamtaka húmanista, stýrði umræðum og myndræn fundarritun var í höndum Elínar Elísabetar, listakonu. Skipulagning viðburðarins var í höndum Bjarna Jónssonar, Jóhanns Björnssonar, Siggeirs Ævarssonar og Auðar Sturludóttur, í samstarfi við Iceland Travel. Stjórn kann þeim bestu þakkir fyrir samstarfið.

Þátttaka í alþjóðaviðburðum

Aðalfundur EHF

Samhliða ráðstefnunni fór fram aðalþing evrópskra húmanista, European Humanist Federation. Fulltrúar Siðmenntar tóku þátt í fundinum, þar sem lögð var áhersla á aukið samstarf, siðferði og

gervigreind og pólitískt umhverfi Evrópu. Fulltrúar Siðmenntar voru Inga Auðbjörg K. Straumland, Siggeir F. Ævarsson og Auður Sturludóttir.

Aðalfundur Heimssamtaka húmanista

Samhliða ráðstefnu og öðrum fundum fór fram aðalfundur Heimssamtaka húmanista, Humanists International. Það var kosin ný stjórn, afgreiddar lagabreytingar um félagsgjöld aðildarféлага og meðal annars samþykkt ályktun um loftslagsbreytingar. Fulltrúar Siðmenntar voru Inga Auðbjörg K. Straumland, Siggeir F. Ævarsson og Auður Sturludóttir.

Samnorrænn vettvangur

Siðmennt er aðili að óformlegum samstarfsvettvangi húmanistafélaga á Norðurlöndum. Mikilvægi norræns samstarfs á þessum vettvangi verður seint metið til fjár. Fulltrúar allra félaganna hittast minnst eina helgi ár hvert til að bera saman bækur og stilla saman strengi. Vorið 2019 var fundað í Kaupmannahöfn, og í maí næstkomandi verður fundað í Þórshöfn í Færeyjum. Fulltrúar Siðmenntar í Kaupmannahöfn voru Kristinn Theodórsson og Siggeir F. Ævarsson.

Öll eru félögin að fást við svipuð mál, en með mismunandi áherslum. Norðmenn eru leiðandi afl á heimsvísu í málefnum húmanisma og höfum við sótt mikið í þeirra vísukubrunn. Norrænu félögin hafa nú fengið í hendur stórt samstarfsverkefni, sem er heimsping húmanista í Kaupmannahöfn árið 2023.



Fulltrúar Siðmenntar á námskeiði í Brugge, Belgíu.

EHP-námskeið

Samtök evrópskra atvinnuhúmanista halda reglulega námskeið þar sem farið er yfir nýjustu hugmyndir um athafnaþjónustu, húmaníska menntun, húmaníska sálgæslu og fleiri viðfangsefni húmanista. Að þessu sinni var ráðstefnan haldin í Brugge, Belgíu, í október og var þemað í ár húmanísk gildi í störfum atvinnuhúmanista. Sérstök áhersla var lögð á listrænar lausnir. Fulltrúar Siðmenntar á námskeiðinu voru Inga Auðbjörg K. Straumland, formaður, Tinna Jóhannsdóttir, formaður athafnaráðs, Margrét Pétursdóttir, meðlimur í athafnaráði og stjórn Siðmenntar, Heiðrún Arna Friðriksdóttir, verkefnastjóri borgaralegra ferminga, og Jóhann Björnsson, kennslustjóri borgaralegra ferminga.

Aðrir viðburðir og verkefni

Þingsetning

Sú hefð hefur skapast að bjóða þingmönnum til hugvekju til að setja tóninn fyrir komandi þingvetur. Allt frá árinu 2009 hefur Siðmennt boðið þingmönnum þennan veraldlega valkost, sem ákveðið mótvægi við messuna í Dómkirkjunni áður en þingið er sett í þinghúsinu. Á þingsetningardaginn þann 10. september 2019 var það Björg Magnúsdóttir, fjölmiðlakona, rithöfundur og athafnastjóri hjá Siðmennt, sem flutti hugvekju. Þá flutti Hljómsveitin Eva tvö lög og formaður Siðmenntar, Inga Auðbjörg Straumland, flutti stutt opunarávarp. Tólf þingmenn úr fimm flokkum þekktust boðið í ár, og þökkum við í Siðmennt þeim kærlega fyrir komuna.

Vísindaferðir

Heimsóknir háskólanema kallast „vísindaferðir“ og hefur Siðmennt boðið sex nemendafélögum að heimsækja félagið á árinu 2019, þiggja veitingar og fræðast um húmanisma og starfsemi Siðmenntar. Oft skapast góðar umræður og hafa bæði fulltrúar Siðmenntar og nemendur gagn og gaman af þessum fundum. Stjórn Siðmenntar hefur tekið vel í allar beiðnir sem félaginu berast og telur að þessari starfsemi eigi að halda áfram.

Jólahugvekja

Líkt og undanfarin ár flutti Siðmennt jólahugvekju á X-inu 97,7 klukkan sex á aðfangadag. Hugvekjuna 2019 flutti Inga Auðbjörg Straumland, formaður félagsins og voru helstu viðfangsefni hugvekjunnar loftslagsbreytingar, kraftur ungra kvenna og vonin.

Kolefnisjöfnun

Haustið 2019 var tekin sú ákvörðun að kolefnisjafna starfsemi félagsins aftur í tímann og voru ferðalög á vegum félagsins, þar með taldar ferðir athafnarstjóra, kolefnisjöfnuð fyrir árið 2018. Stjórn Siðmenntar ákvað að fyrir árið 2018 yrði kolefnisjafnað með það að markmiði að hafa áhrif til að draga úr losun almennt ásamt því að kolefnisjöfnunin hefði jákvæð áhrif á lífsgæði fólks. Var því ákveðið að kolefnisjafna með eins beinum hætti og mögulegt er.

Aukin menntun stúlkna og kvenna í fátækari löndum er eitt veigamesta skrefið sem hægt er að stíga í baráttunni gegn hamfarahlýnun og hafa þannig bein áhrif til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda. Með því að gefa vatnsdælur til þorpa í fátækari löndum má bæta líf kvenna og barna þar sem tíminn sem fer í sækja vatn dregst verulega saman. Það hefur jákvæð áhrif á lífsgæði fjölskyldna í þorpunum. Með vatnsdælu fær heilt samfélag aðgang að hreinu vatni, sem bætir lífsgæði íbúa. Börnum gefst auk þess meiri tími til skólagöngu, heimanáms og þess að fá að vera börn og leika sér, sem eykur lífsgæðin enn frekar.

Stjórn Siðmenntar gaf því tvær vatnsdælur frá Sönnum Gjöfum UNICEF, sem verða settar upp í tveimur þorpum í þróunarlöndum. Þetta bætir möguleika barna til menntunar og bætir stöðu kvenna.

Stefnt er að því að kolefnisjafna starfsemi ársins 2019 vorið 2020.

Húmanistaverðlaunin

Siðmennt veitir á ári hverju Húmanistaviðurkenningu Siðmenntar, ásamt Fræðslu- og vísindaviðurkenningu. Einstaklingar og félagasamtök sem hafa lagt eitthvað mikilvægt af mörkum í anda húmanismans eiga möguleika á að hljóta viðurkenningar félagsins. Á ráðstefnu Siðmenntar, *What are the Ethical Questions of the 21st Century?*, þann 1. júní 2019, var nemendum Hagaskóla veitt Húmanistaviðurkenning Siðmenntar árið 2019 fyrir framgöngu þeirra í baráttu sinni gegn því að Zainab Safari og fjölskyldu hennar yrði vísað úr landi. Réttlætiskennd, baráttuprek og samkennd nemendanna þykir bera vott um hugsjónir í anda húmanískra lífsgilda. Á sama tíma var Sævari Helga Bragasyni veitt Fræðslu- og vísindaviðurkenning Siðmenntar fyrir starf sitt í þágu umhverfisverndar, vísindahyggju og barna- og umgennafraeðslu.

Samhliða veitingu viðurkenningar var verðlaunahöfum boðið að velja málstað sem stendur þeim nærri, og Siðmennt styrkti þann málstað um 50.000 kr. í nafni Siðmenntar og verðlaunahafa.



Verðlaunahafar húmanistaviðurkenningarinnar og fræðslu- og vísindaviðurkenningarinnar 2019, ásamt formanni félagsins.

Björg Magnúsdóttir flytur hugvekju til þingmanna í Iðnó þingsetningardaginn í september.





Um 200 gestir mættu til að hlusta á og spjalla við húmanistann og Hollywood-leikarann John de Lancie. Frábær kvöldstund í góðum félagsskap!

Efast á kránni

Húmanistinn og Hollywood-leikarinn John de Lancie var gestur Siðmenntar á Kex hostel 19. september undir yfirskrift fundaraðarinnar „Efast á kránni“. John hefur komið víða við á löngum ferli, sem leikari, leikstjóri, framleiðandi og handritshöfundur, en er þó sennilega þekktastur fyrir hlutverk sitt sem hin guðlega vera Q í Star Trek-þáttunum. Síðustu ár hefur John unnið mikið starf í nafni húmanisma og trúleysis en hann er sjálfur það sem hann kallar „openly secular“ sem er alls ekki sjálfgefin opinber afstaða í Bandaríkjunum Norður-Ameríku.

Koma John de Lancie til Íslands var samvinnuverkefni Siðmenntar og Nexus. John flutti stutt opunarávarp og svo var orðið gefið laust og hægt að spyrja hann spjörunum úr um allt milli himins og jarðar.



**Baráttan fyrir
veraldlegu
samfélagi**

Baráttan fyrir veraldlegu samfélagi

Umsagnir

Siðmennt einsetur sér að senda inn umsagnir við frumvörp og þingsályktunartillögur sem varða starfsemi Siðmenntar, veraldlegt samfélag, mannréttindi og kjarnagildi félagsins. Árið 2019 sendi Siðmennt inn 3 umsagnir til Alþingis:

- Umsögn í 393. máli á 149. löggjafarþingi. Breytingar á lögum um þungunarrof. Umsögn dagsett 19. janúar 2019.
- Umsögn í 138. máli á 149. löggjafarþingi. Þingsályktun um dánaraðstoð. Umsögn dagsett 19. mars 2019.
- Umsögn í 128. máli á 150. löggjafarþingi. Þingsályktun um fullan aðskilnað ríkis og kirkju og ný heildarlöggjöf um starfsemi trú- og lífsskoðunarfélaga. Umsögn dagsett 20. október 2019.

Greinar

Fulltrúar félagsins létu í sér heyra í samfélagsumræðunni á árinu. Inga Auðbjörg Straumland, formaður Siðmenntar, svaraði ummælum Agnesar Sigurðardóttur, biskups Þjóðkirkjunnar, varðandi meint siðrof á Íslandi í pistli á Kjarnanum sem bar titilinn Siðrof í skólastofunum. Siggeir Ævarsson, framkvæmdastjóri félagsins, skrifaði svo fjórar greinar sem birtust á vefmiðlinum Vísi. Sú fyrsta fjallaði um kirkjujarðarsamkomulagið, sú næsta um skráningu Þjóðskrár á trúarafstöðu Íslendinga og þær síðustu um íslenskar jólahefðir og jólatrúboð í skólastofunum.



Fjármál

Fjármál

Fjárframlög gegnum ríkissjóð

Rekstrargrundvöllur Siðmenntar hefur tekið miklum og jákvæðum breytingum, og raunar algjörum stakkaskiptum, frá 2013 eftir að félagið fékk hlutdeild í sóknargjöldum ríkissjóðs. Í takt við stækkandi félagatal hefur framlag ríkisins vaxið ört síðustu ár. Árið 2019 numu framlög félagsmanna til Siðmenntar í formi „sóknargjalda“ rúmum 29 milljónum, um fimm milljónum meira en árið áður.

Aðrar tekjur

Stærsti einstaki tekjuliður félagsins keru greiðslur fyrir borgaralega fermingu, eða um 20 milljónir bæði árið 2019 og 2018. Þar á eftir kemur athafnaþjónustan sem tók inn tæpar 17 milljónir á síðasta ári, en kostnaður við hana var um 19 milljónir, sem skýrist af mikilli hækkun afsláttar af athöfnum til félaga.

Alls voru tekjur ársins 68.303.714, sem er um 16% vöxtur á milli ára.

Helstu kostnaðarliðir

Stærsti kostnaðarliður ársins er athafnaþjónustan, en eins og áður sagði koma umtalsverðar tekjur inn þar á móti. Laun og launatengd gjöld voru tæpar 18 milljónir, sem hækkar mikið á milli ára, úr rúmum

11 milljónum, sem er þó eðlileg hækkun þar sem nýr starfsmaður bættist í hópinn á árinu, og árið 2018 greiddi félagið engin laun eða launatengd gjöld í tæpa 5 mánuði.

Mikill kostnarliður á árinu var alþjóðlega ráðstefnan í júní sem kostaði um tvær og hálf milljón og þá kostaði námskeið fyrir þjálfun í umsjón útfara rúma milljón.

Ársreikningar

Í upphafi árs 2019 tók bókhaldsfyrirtækið Pálsson & co yfir bókhaldsþjónustu Siðmenntar, sem áður hafði verið hjá Bókhaldi og kennslu. Þau hafa nú unnið ársreikning félagsins í annað sinn, og fylgir hann hér á eftir.

Helstu niðurstöður eru að tekjur ársins voru í heild 68.303.714 kr., en gjöld 63.531.476 kr. Þegar fjármagnsgjöld eru reiknuð inn í hagnað ársins nemur hann 5.000.132 kr., en var árið áður 5.228.432 kr.

Af ofangreindu má sjá að rekstur félagsins er í góðu jafnvægi og afar jákvæður síðastliðin tvö ár. Markmið stjórnar hefur verið að nýta auknar tekjur félagsins til að styrkja félagið inn á við og gefa meira af sér út á við. Í þeirri viðleitni hefur afsláttur af athöfnum verið hækkaður umtalsvert, námskeið til að styrkja athafnastjóra félagsins í starfi haldin og niðurgreidd, starfsemi félagsins kolefnisjöfnuð og styrkir vegna viðurkenninga félagsins hækkaðir.

Áritun endurskoðanda

Til stjórnar í Siðmennt

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings Siðmennt, félag siðrænna húmanista fyrir árið 2019 byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410, sem fjallar um aðstoð við gerð ársreiknings.

Við höfum notað faglega þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar til að aðstoða fyrirtækið við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglum um heilindi, hlutlægni og faglega hæfni og varkárni.


Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög um ársreikninga.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Ársreikningurinn og þær upplýsingar sem honum fylgja, þar á meðal nákvæmni og heild undirliggjandi gagna, er á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra fyrirtækisins.

Þar sem aðstoð við gerð ársreikningsins er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist að við staðfestum nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 10. febrúar 2020



Sigurður S. Pálsson
Löggiltur endurskoðandi

Áritun stjórnar


Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Aðalstarfsemi félagsins er líffskoðunarfélag.

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins var hagnaður ársins 2019 eftir reiknaða skatta kr. 5.000.132. Hrein eign félagsins í árslok nam kr. 10.198.830. Ráðstöfun á afkomu ársins og aðrar eiginfjárbreytingar koma fram í efnahagsreikning um eigið fé í ársreikningnum.

Stjórn Siðmennt staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Reykjavík, 10. febrúar 2020



Inga Auðbjörg K. Straumland,
Stjórnarformaður

Áritun tveggja skoðunarmanna

Við tveir, kjörnir skoðunarmenn reikninga félagsins, staðfestum reikninga þessa.

Við lýsum yfir ánægju með framsetningu þeirra, sem er bæði ljós og gefur glögga mynd af stöðu félagsins.

Þer að hrósa bæði framkvæmdastjóra félagsins og endurskoðanda fyrir góð störf.



Gísli Gunnarsson og Þorlákur Karlsson

Reykjavík 10. febrúar 2020

Rekstrarreikningur 2019

Rekstrarreikningur 2019

Rekstrartekjur	2019	2018
Félagsgjöld og gjafir	28.874.217	25.032.987
Tekjur af borgarlegri ferminu	21.101.004	19.193.674
Aðrar tekjur	18.328.493	15.459.854
	<u>68.303.714</u>	<u>59.686.515</u>
Rekstrargjöld		
Borgarleg fermin	15.200.719	15.691.010
Aðrar athafnir	19.577.537	13.077.954
Laun og lautengd gjöld	17.867.412	11.190.031
Annar rekstrarkostnaður	10.885.808	14.467.572
	<u>63.531.476</u>	<u>54.426.567</u>
Rekstrarhagnaður	4.772.238	5.259.948
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld		
Vaxtatekjur	396.945	206.838
Vaxtagjöld	(169.051)	(238.354)
	<u>227.894</u>	<u>(31.516)</u>
Hagnaður ársins	<u>5.000.132</u>	<u>5.228.432</u>

Efnahagsreikningur

Efnahagsreikningur

Eignir	2019	2018
Fastafjármunir		
Óefnislegar eignir	496.000	0
Varanlegir rekstrarfjármunir	869.377	0
Fastafjármunir samtals	<u>1.365.377</u>	<u>0</u>
Veltufjármunir		
Viðskiptakröfur	2.339.189	3.698.236
Verðbréfaeign	1.941.171	1.803.619
Aðrar skammtímaskröfur	55.563	22.564
Handbært fé	19.501.617	15.663.553
Veltufjármunir samtals	<u>23.837.540</u>	<u>21.187.972</u>
Eignir samtals	<u>25.202.917</u>	<u>21.187.972</u>

31. desember 2019

31. desember 2019

Eigið fé og skuldir	2019	2018
Eigið fé		
Óráðstafað eigið fé	5.198.698	(29.734)
Hagnaður ársins	5.000.132	5.228.432
Eigið fé samtals	<u>10.198.830</u>	<u>5.198.698</u>
Skuldir		
Skammtímaskuldir		
Viðskiptaskuldir	950.702	1.164.479
Ógreitt vegna starfsmanna	684.582	604.600
Fyrirfram innheimtar tekjur	13.223.719	14.220.195
Aðrar skammtímaskuldir	145.084	0
Skuldir samtals	<u>15.004.087</u>	<u>15.989.274</u>

Eigið fé og skuldir samtals 25.202.917 21.187.972

Siðmennt		
Ársreikningur 2019 - Sundurliðun		
	2019	2018
Rekstrartekjur		
1300 Félagsgjöld innh., ríkissjóð.....	28.874.217	22.192.247
1400 Borgaraleg ferming.....	21.101.004	19.193.674
1450 Gifting.....	12.281.766	11.238.516
1550 Nafngjöld.....	2.526.932	1.002.460
1310 Félagsgjöld önnur.....	1.732.023	2.840.740
1560 Útför.....	821.318	400.618
1510 Aðrar tekjur án vsk.....	525.482	391.560
1521 Athafnastjóranámskeið.....	383.226	421.680
1800 Akstur, göng og fl. útselt.....	57.746	2.005.020
Samtals	68.303.714	59.686.515
Borgarleg ferming		
2100 Húsaleiga v. athöfn BF.....	-1.446.937	-1.396.184
2101 Húsaleiga v. námskeið BF.....	-741.600	-666.834
2103 Skirteiniskostnaður BF.....	-450.616	0
2105 Fermingarstjórn BF.....	-2.015.600	-315.834
2107 Kynningarbæklingur BF.....	-503.431	-1.407.080
2110 Fræðsla BF.....	-6.779.245	-6.859.277
2113 Ræðumaður BF.....	-263.580	-290.230
2120 Ljósmyndari BF.....	-549.900	-354.980
2125 Tónlist BF.....	-275.000	-337.206
2130 Æfingastjórnun BF.....	-293.250	0
2131 Akstur BF.....	-37.356	0
2135 Skreyting á sal BF.....	-523.530	-470.585
2190 Annað v. BF.....	-237.040	-1.492.935
2195 Athafnastjórar v. BF.....	-1.083.634	-2.099.865
Samtals	-15.200.719	-15.691.010
Aðrar athafnir		
2200 Þingsetningarathöfn.....	-254.192	0
2331 Akstur gifting.....	-2.687.877	0
2395 Athafnastjórar gifting.....	-13.098.484	-7.873.170
2431 Akstur nafngjöld.....	-100.220	0
2490 Annað v. nafngjöld.....	-3.600	0
2495 Athafnastjórar nafngjöld.....	-2.534.346	-1.760.356
2500 Húsaleiga v. athöfn útför.....	0	-227.040
2590 Annað v. útför.....	-87.220	-64.108
2595 Athafnastjórar útför.....	-811.598	-546.988
2196 Athafnastjórar V.f.....	0	-2.606.292
Samtals	-19.577.537	-13.077.954
Laun og launategd gjöld		
3100 Laun.....	-12.110.742	-7.658.097
3110 Bifreiðastyrkir.....	0	-12.100
3115 Dagpeningar.....	-346.487	-97.983
3200 Tryggingargjöld.....	-904.756	-598.309
3210 Móttframlag í líffeyrissjóð.....	-1.392.831	-789.582
3211 Móttframlag í séreignisjóð.....	-204.902	-274.627
3214 Félagstengd gjöld.....	-345.309	-131.982
3320 Námskeið og þjálfun starfsmanna.....	-85.734	-193.000
3321 Þjálfun kennara BF.....	-70.000	0
3390 Annar starfsmannakostnaður.....	-169.119	-87.431
1520 Athafnastjóranámskeið.....	-1.762.532	0
4110 Aðkeypt afleysing á skrifstofu.....	-475.000	-1.346.920
Samtals	-17.867.412	-11.190.031

Ársreikningur 2019 - Sundurliðun		
	2019	2018
Annar rekstrarkostnaður		
Rekstur áhalda og tækja:		
3810 Tölvubúnaður.....	-129.998	-65.970
3820 Rekstur tölvukerfis.....	-250.000	-472.000
4081 Rekstur tölvukerfis án vsk.....	-405.516	-351.945
4084 Hugbúnaður án vsk.....	-305.214	0
Samtals	-1.090.728	-889.915
Skrifstofukostnaður:		
4010 Síma og Internetkostnaður.....	-479.384	-261.463
4011 Húsaleiga.....	-1.240.028	-1.180.970
4020 Burðargjöld.....	-3.175	-474.952
4030 Pappír, prentun og ritföng.....	0	-718.690
4031 Auglýsingar.....	-237.328	-638.374
4032 Vefsíða.....	-193.290	-2.502.689
4043 Vísindafærðir.....	-299.407	0
4051 Viðbragðsteymi.....	0	-40.000
4064 Ímyndarvinna Siðmenntar.....	0	-87.880
4068 Humanistavíðurkenning.....	-111.400	0
Samtals	-2.564.012	-5.905.018
Erlent samstarf og ráðstefnur:		
4093 Erlent samstarf.....	-1.796.377	0
4160 Þáttaka í erlendu samstarfi (aðildargjöld).....	-94.940	-209.069
4094 Ráðstefna 1. júní.....	-2.515.755	0
Samtals	-4.407.072	-209.069
Aðkeypt þjónusta:		
4100 Bókhald og reikningsskil.....	-1.005.440	-1.742.072
4120 Lögfræðiþjónusta.....	0	-144.243
Samtals	-1.005.440	-1.886.315
Stjórnun og umsýsla:		
4140 Athafnastjórar ymis kostn.....	-458.049	-4.084.782
4141 Athafnastjóra fundur.....	-290.918	0
4142 Gjafir og styrkir.....	-40.000	-160.875
4223 Funda og viðskiptakostnaður án vsk.....	-215.700	-750.242
4224 Kaffikostnaður skrifstofu.....	-23.218	0
4225 Aðalfundur.....	-336.716	0
4353 Kolefnajöfnun félagsins.....	-110.200	0
4503 Húsaleiga án vsk.....	0	-86.639
4523 Viðhald húsnæðis án vsk.....	0	-74.896
4573 Annar húsnæðiskostn. án vsk.....	0	-3.700
4643 Ýmis kostnaður bifv. án vsk.....	0	-23.020
4646 Aðkeyptur akstur leigubifreiða án vsk.....	-70.680	-5.700
4671 Ráðstefnur og málþing.....	0	-271.493
4675 Félagshundir.....	-58.073	0
4680 Þjóðskrá v. innh. félagsgjalda.....	-38.597	-24.008
4683 Þjónustugjöld v. banka og korta.....	-158.912	-74.800
4686 Annar kostn. án vsk.....	-17.493	-17.100
Samtals	-1.818.556	-5.577.255
Annar rekstrarkostnaður samtals:	-10.885.808	-14.467.572
Fjármunatekjur		
6100 Vaxtatekjur.....	396.945	206.838
Samtals	396.945	206.838
Fjármagnsgjöld		
6200 Vaxtagjöld.....	0	0
6210 Bankakostn. og þjónustugjöld.....	-169.051	-238.354
Samtals	-169.051	-238.354
Hagnaður ársins	5.000.132	5.228.432



Siõmennt